



# RANGÁRÞING EYSTRA

## Fréttabréf

Apríl 2012 - 10. árgangur, 2. tölublað



### Ferðaþjónustuaðilar breyta og bæta og nýir aðilar bætast í hópin

Mikill hugur er í ferðaþjónustuaðilum í Rangárfingi eystra um þessar mundir. Veturinn hefur verið að koma vel út og sumarvertíðin virðist vera að lengjast í báðar áttir. Bókunarstaða fyrir sumarið er góð og í mörgum tilvikum er orðið fullbókað í júlí og ágúst.

#### Vorverkin eru hafin

Sumir eru að breyta, stækka og bæta núverandi aðstöðu en svo eru einnig nokkrir nýir aðilar að koma inn í ferðaþjónustuflóruna. Nýir aðilar hafa tekið við rekstri í Húsadal og er mikill hugur í þeim félögum fyrir sumarið og komandi vertíð. Gamla fjósið undir Eyjafjöllum opnaði s.l. haust og hefur fengið góðar viðtökur. Ár er liðið frá því að gestastofan opnaði á Þorvaldseyri og hafa um 29 þúsund manns skoðað sýninguna. Mjög góð aðsókn hefur verið í allan vetur. Þá er fyrirhugað að Vesturferðir verði með útsýnisflug frá Þorvaldseyri í sumar. Fyrirtækið Óbyggðiferðir hefur flutt sitt aðsetur frá Hólaskógi í Rangárfingi eystra. Unnar Garðarsson og Solveig Pálmadóttir reka fyrirtækið en þau eru einnig flutt í sveitarfélagið og bjóðum við þau velkomin. Nýir eigendur eru komnir að Hótel Skógum og hafa þeir jafnframt leigt félagsheimilið Fossbúð. Þar verður áfram lítil ferðamannaverslun og veitingasala.

Þá er það alls ekki upptalið þær framkvæmdir og uppbygging sem ferðaþjónustuaðilar eru að leggja í fyrir sumarið en gaman verður að fylgjast með hvernig málin þróast.

Hvað varðar framkvæmdir við áfangastaði í sveitarfélaginu þá verður farið í framkvæmdir við útsýnisfall við Skógafoss og er reiknað með að hann verði tilbúinn í júní. Gönguleiðin frá Skógum upp að eldstöðvum á Fimmvörðuhálsi verður endurstikuð og merkingar lagaðar og þá verður áfram unnið við að bæta gönguleiðir í Þórsmörk og í Goðalandi.

#### Suðurland í sókn

Ferðasýningin Suðurland í sókn var haldin í mars. Þar voru komin saman nokkur fyrirtæki af suðurlandi til að kynna sína starfsemi. Góð þátttaka var og mældist sýningin almennt vel fyrir. Sveitarfélagið tók þátt í sýningunni auk nokkurra ferðaþjónustuaðila og var gaman að sjá hversu margir af svæðinu mættu til að kynna sína starfsemi. Með svo góðri þátttöku ferðaþjónustuaðila er hægt að sýna fram á hversu fjölbreytt og áhugavert svæðið er.

Nokkur verkefni eru hafin innan jarðvangsins Kötlu Geopark og má þar nefna verkefnið Kötluafurðir, þar sem verið er að vinna að vörubróun innan jarðvangsins og möguleika framleiðanda til að koma

## Framkvæmdir við íþróttahús

Miklar byggingarframkvæmdir eru á döfnni við íþróttamiðstöðina á Hvolsvelli. Íþróttastaðan hefur verið byggð upp í áföngum í gegnum tíðina og nú eru fyrirhugaðar framkvæmdir í tveimur áföngum. Í vor verður hafist handa við byggingu búningsklefa utanhúss sem staðsettir verða við aðkomuna vestan sundlaugar. Um er að ræða einfalda byggingu úr timbri 80 m<sup>2</sup> að stærð.

Í framhaldinu á komandi sumri verður hafist handa við byggingu 2. áfanga tengibyggingar á milli sundlaugar og íþróttahúss. Þar verða á 1. hæð búningsklefar sem ætlaðir eru fyrir íþróttahúsið og útiþróttir. Á efri hæð er m.a. gert ráð fyrir fullbúnum æfingasal. Samtals er tengibyggingaráfanginn um 345 m<sup>2</sup>. Þessi áfangi verður settur í útboð.

Hönnuðir fyrrnefndra mannvirkja eru Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf og Mannvit ehf verkfræðistofa.

## Félag aðstandenda heimilisfólks á Kirkjuholi stofnað

Sunnudaginn 18.3.2012 var formlega stofnað Félag aðstandenda heimilisfólks á Kirkjuholi. Stofnfundurinn var haldinn í íbúð í austurhluta Kirkjuholvols. Vel var mætt og eru nú þegar skráðir rúmlega 20 félagar. Ágætar umræður urðu um tillögur að lögum félagsins og voru þær samþykktar samhljóða með þeim viðbótum og lagfæringum sem fram komu á fundinum. Þá var fyrsta stjórnin kjörin og mun hún síðan skipta með sér verkum. Í henni eiga sæti; Sigurlín Sveinbjarnardóttir, Edda Guðlaug Antonsdóttir og Kristín Erna Leifsdóttir, varamenn; Guðjón Guðmundsson og Auður Sigurðardóttir. Þessi stjórn mun fljótlega gera áætlun fyrir starfið á árinu og setja sér vinnureglur en tilgangur aðstandendafélagsins er að styðja við starfsemi Kirkjuholvols á sem bestan hátt. Þess er vænst að fleiri vilji gerast félagsmenn í hinu nýstofnaða félagi og er þeim bent á að senda tölvupóst á sigurlinsv@simnet.is eða hringja í Sigurlín í síma 898 2488.

sinni vöru á framfæri. Þá tekur Hvolsskóli þátt í samstarfsverkefni við aðra jarðvanga erlendis að þróun svokallaðs "apps" fyrir snjallsíma. Það verkefni verður sérstaklega kynnt í jarðvangsvikunni 23.-28. apríl nk.

Þeir sem hafa áhuga á að fræðast meira um starfsemi og verkefni jarðvangsins geta haft samband við Vilborgu Örnú Gissurardóttir vilborg@katlageopark.is.

# Aðalskipulag sveitarfélagsins í endurskoðun

Aðalskipulag sveitarfélagsins tekur til alls landsvæðis í sveitarfélaginu og er mikilvægt stjórnæki. Sveitarstjórn setur fram í aðalskipulagi stefnu sína um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu til minnst 12 ára. Í skipulaginu er einnig lagður grundvöllur fyrir alla deiliskipulagsgerð einstaka svæða í sveitarfélaginu. Nú stendur yfir vinna við endurskoðun á nágildandi aðalskipulagi Rangárpings eystra og hefur hún staðið yfir frá s.l. hausti. Það er arkitektastofan Teiknistofa arkitekta sem vinnur að aðalskipulagsbreytingunum með sveitarstjórn og nefndum sveitarfélagsins sem við eiga hverju sinni, auk skipulagsfulltrúa. Þá hafa mætt til slíkra vinnufunda fulltrúar Vega-gerðarinnar, Suðurlandsskóga, Steinsholts og fl.

## Deiliskipulagsvinna í Skógum og Þórsmörk

Verið er að vinna að deiliskipulagi í Skógum og er vinnan langt á veg komin. Framundan er fyrirhugaður íbúafundur í Skógum þar sem skipulagið verður kynnt og fundagestir geta komið fram með hugmyndir og ábendingar. Fundurinn verður auglýstur sérstaklega þegar nær dregur. Það er Landform sem hefur unnið þá vinnu í samvinnu við sveitarfélagið og rekstraraðila í Þórsmörk. Á Þórsmörkuvæðinu er einnig gert ráð fyrir fyrirhugaðri brú yfir Markarfljót.

## Miðbærinn okkar

Fyrir liggur að gera nýtt deiliskipulag fyrir miðbæjarvæði Hvolsvallar. Undanfarið ár hefur notkun svæðisins breyst verulega m.v. þær hugmyndir sem lágu til grundavallar nágildandi miðbæjardeiliskipulagi, en þar er m.a. gert ráð fyrir nokkuð þétri íbúabyggð, allt að þremur hæðum, með möguleika á ýmis konar þjónusturýma.

Nú liggur hins vegar fyrir að íbúar sveitarfélagsins og gestir okkar hafa undanfarið ár notað svæðið meira til útveru og fyrir viðburði ýmis konar. Má þar nefna ljósmyndasýningu ljósmyndaklúbbsins 860+, Tour de Hvolsvollur, Hvolsvollur.is hátíðina, Kjötsúpuhátíðina og síðasta sumar var sett upp Karnival sem heppnaðist mjög vel. Miðað við þessa notkun og eftirspurn er ljóst að þörf er á aðlaðandi svæði þar sem fólk getur sest niður og notið um-

hverfisins. Sú verður vonandi raunin með nýju deiliskipulagi.

## Kirkjuhvolsreiturinn

Í vor er fyrirhugað að byrja á gatnagerð götunnar sem liggur meðfram Hlíðarvegi og er við Kirkjuhvolsreitinn. Deiliskipulag svæðisins er frá árinu 2007 og samkvæmt því er gert ráð fyrir viðbyggingu við hjúkr-

unar- og dvalarheimilið Kirkjuhvol. Það er fyrir löngu orðin brún þörf að fá fyrirhugaða viðbyggingu, en á Kirkjuhvoli er ávallt nokkur biðlisti eftir hjúkrunar- og dvalarrýmum. Einnig þarf að bæta ýmsa aðstöðu s.s. fyrir endurhæfingu, félagsstarf, starfsfólk, matsal og eldhús. Framundan er hönnunarvinna á viðbyggingunni og eldra húsnæði með það að leiðarljósi að aðstaðan nýtist íbúum, starfsfólki og gestum Kirkjuhvols sem allra best.



Hvolsskóli

## Fréttir út Hvolsskóla

### STÓRA UPPLÉSTRARKEPPNIN Í 7. BEKK

Undirbúningur Stóru upplestrarkeppninnar hófst á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember síðastliðinn.

Síðan þá æfðu nemendur stíft og lásu ljóð og sögur fyrir hvern annan. Nemendur komu einnig fram á leiksýningunni um Emil í Kattholti þann 16. febrúar. Undankeppnin var síðan haldin þann 28. febrúar í Sögusetrinu á Hvolsvelli. Lesin var sagan Leynardómar ljónsins eftir Brynhildi Þórarinsdóttur og ljóð eftir Örn Arnarson. Allir nemendur stóðu sig mjög vel en valdir voru tveir aðalmenn og tveir varamenn. Sigurvegarar voru; Dagur Ágústsson og Sigurður Anton Pétursson og varamenn Birta Rós Hlíðdal og Laufey Ólafsdóttir.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar var svo haldin 7. mars í Leikskálum í Vík í Mýrdal og þangað komu þátttakendur úr öllum skólum á Suðurlandi. Úrslitin voru svohljóðandi:

1. Guðbjörg Viðja Antonsdóttir frá Laugalandsskóla.
  2. Bjarnveig Björk Birkisdóttir frá Grunnskólanum á Hellu.
  3. Dagur Ágústsson frá Hvolsskóla.
- Sjá nánar á heimasíðu skólans [www.hvolsskoli.is](http://www.hvolsskoli.is).

### SKÓLAHREYSTI

Nemendur frá Hvolsskóla tóku þátt í undankeppni Skólahreysti þann 2. mars í Smáraskóla og sigruðu í Suðurlandsriðli. Sýning frá keppninni er á þriðjudagskvöldum í sjónvarpinu og hefst 20. mars. Okkar krakkar keppa síðan til úrslita fimmtudaginn 26. apríl. Hægt er að skoða myndir frá keppninni á [www.skolahreysti.is](http://www.skolahreysti.is).

### NÝJAR TÖLVUR Í SKÓLANN

Við gerð fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir að kaupa þyrfti 20 nýjar tölvur enda hefur engin endurnýjun á tölvukosti átt sér stað síðan árið 2007. Fengum við afar hagstætt tilboð frá Nýherja og voru keyptar vandaðar og öflugar borðtölvur til að endurnýja allar tölvur í tölvustofunni. Mikil ánægja ríkir með þessi kaup.

### ÞEMADAGAR

#### OG VÍKA JARÐVANGSINS

Þann 16. 17. og 18. apríl eru þemadagar og einnig danskennsla. Miðvikudaginn 18. apríl kl. 16-18 er síðan Vorhátíð í samvinnu við foreldrafélagið þar sem m.a. verður danssýning. 19. og 20. apríl eru frídagur samkvæmt skóladagatali.

Vikan 23.-27. apríl er Jarðvangsvika (Katla Geopark) sem skólinn tekur þátt í.

## Leikjanámskeið

Leikjanámskeið verður haldið næsta sumar og verða námskeiðin með svipuðu hætti og s.l. sumar en þá voru námskeið í fjórar vikur í júní. Fyrirkomulag námskeiðanna verða fljótlega kynnt fyrir foreldrum. Prästur Freyr Sigfússon verður umsjónarmaður námskeiðanna.

## Þjóðlag.is

30.000 manns syngja inn á lag með Fjallabræðrum.

Syngdu með okkur sunnudaginn 15. apríl í Hvolnum Hvolsvelli kl. 15.00.

Sjá nánar á [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is) og [www.thjodlag.is](http://www.thjodlag.is).  
Allir velkomnir.

# Leikskólinn

## Örk

Leikskólastarfið í Örkinni hefur gengið vel í vetur. Leikskólinn er vel mannaður af menntuðum kennurum og hæfu starfsfólki og svo fengum við til liðs við okkur hann Eggert Birgisson matreiðslumeistara sem sér um að matreiða ofan í okkur holla og góða fæðu.

Elstu börnin í leikskólanum, þau sem eru fædd 2006 hafa verið að kynna sér fyrirtæki í sveitafélaginu. Þau fengu sér göngutúr upp að Akri og fengu að skoða fjösið. Þar voru þau svo heppin að sjá kálf sem fæðst hafði um morguninn.

Einnig fóru þau í Sláturfélag Suðurlands. Þar var einnig tekið mjög vel á mót þeim og þau klædd í sloppa, sokka utan yfir skóna og hárnét á höfuðið.

Merkilegast þótti þeim skópvottavélin þar, að sjá pylsurnar verða til og að fá að smakka þær splunkunýjar. Frystiklefinn var einnig mjög merkilegur þar sem var 24 stiga frost.

Við þökkum þeim í Sláturfélaginu og á Akri kærlega fyrir að taka á móti okkur.

Skipulagsdagar leikskólans sem áttu að vera í febrúar og mars verða 18. og 20. apríl, þessa daga mun skólinn vera lokaður og starfsmenn og kennarar bregða undir sig betri fætinum og kynna sér starfsemi leikskóla í Oxordshire í Englandi.



Leikur einn  
LEIKSKÓLINN ÖRK

Nýtt merki leikskólans er tilbúið. Samkeppni var um merkið sem börn og full-orðnir gátu tekið þátt í. Tvær tillögur voru hlutskarpastar ein frá Erlu Berglindi deildarstjóra á Óskalandi og hina teiknaði Bryndís Rut Gylfadóttir sem útskrifaðist frá Örkinni síðasta vor. Koskið var svo á milli þessara tveggja mynda og þá varð myndin hennar Bryndísar fyrir valinu. Allra átta, vefsíðugerð sá um að hanna endanlegt útlit og mun hún framvegis verða notuð sem merki leikskólans yfir kjörorði okkar „Leikur einn“.

Bestu kveðjur,  
kennarar og starfsmenn Arkar

# Börn eru besta fólk



Nafn?

Þórður Kalmann

Aldur?

3 ára

Hvað finnst þér gaman að gera í leikskólanum?

Leika með pappakassana, til dæmis er til full af búningum, til dæmis finnst mér gaman að leika með dýrin.

Er eitthvað sem er leiðinlegt í leikskólanum?

Það er leiðinlegt að kubba... stundum finnst mér gaman að kubba...stundum finnst mér...nei ekkert leiðinlegt.

Hverjir eru vinir þínir í leikskólanum?

Benjamín, Ívar. Alexander, svo einn strákur sem heitir Guðjón, hann er sjúkur í mig, hann vill ekki að ég fari heim – Guð minn góður.

Hvað finnst þér best að borða ?

Fiskur, Kjöt, steiktur fiskur.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðinn stór?

Þá verð ég að vinna í tölvunni hans pabba, þá verður hann langafi með langafaskegg.

Hvar áttu heima?

Ég man það alveg sko. Það er stórt hús sem heitir öldugerði. Alexander má koma heim til mín, hann var hrifin af því hvað ég á marga bíla.

Hvenær áttu afmæli?

20. janúar kannski? Samt er ég 3 ára

Hvað heitir fólkíð í fjölskyldunni þinni?

Patrekur Kári, Nafni, amma Ingibjörg, pabbi minn, mamma mín. Stundum er Brása hjá mér, hún er vinkona mín... en hún er sko samt hundur.



Nafn?

Védís Ösp

Aldur?

3 ára

Hvað finnst þér gaman að gera í leikskólanum?

Það er gaman að teikna og í hópastarfi.

Er eitthvað sem er leiðinlegt í leikskólanum?

Í bilunum og það er ekki gaman þegar einhver meiðir mig.

Hverjir eru vinir þínir í leikskólanum?

Magnea Ósk, Helga Dögg og Þórður Kalmann

Hvað finnst þér best að borða ?

Fiskur

Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðinn stór?

Ég verð að vinna heima – á skrifstofunni hennar mömmu og borða pítsu.

Hvar áttu heima?

Gilsbakka 33

Hvenær áttu afmæli?

Ég er ekki búin að ákveða það, ég verð að spyrja mömmu þegar ég kem heim.

Hvað heitir fólkíð í fjölskyldunni þinni?

Ertu að meina fullu nafni? Hákon Kári Einarsson, Einar Viðar Einarsson, Mamma Hákonardóttir... Ó gleymdi – Védís Ösp Einarisdóttir

## Nýr íþrótt- og æskulýðsfulltrúi í Rangárþingi eystra

Benedikt Benediktsson hefur verið ráðinn íþrótt- og æskulýðsfulltrúi í Rangárþingi eystra en það eru auk sveitarfélagsins, Knattspyrnufélag Rangæinga (KFR) og íþróttafélagið Dímon sem ráða hann í starfið.

Benedikt mun hefja störf í byrjun maí, en miklar vonir eru bundnar við að starfið eigi eftir að efla íþrótt- og æskulýðsstarf enn frekar í sveitarfélaginu. Það voru alls sjö umsækjendur sem sóttu um starfið. Benedikt er búsettur á Hvolsvelli og er meistaramenntaður í kjötið. Hann hefur undanfarin ár unnið mikið með íþróttafélögnum og náð góðum árangri með KFR.

Benedikt er giftur Erlu Berglindi Sigurðardóttur leikskólakennara og eiga þau þrjú börn.



## Nýr félagsmálafulltrúi

Katrín Þorsteinsdóttir hefur verið ráðin tímabundið sem félagsmálastjóri Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu. Katrín er menntaður félagsráðgjafi og leikskólakennari en hefur jafnframt stundað mastersnám í fjölskyldumeðferðarfræðum við endurmenntun HÍ. Undanfarin ár hefur Katrín unnið hjá Félagsþjónustu Árborgar. Katrín mun hefja störf í byrjun júní. Katrín er búsett á Selfossi, gift Theodóri Birgissyni og eiga þau 4 börn og 2 barnabörn.



## Flokkun til framtíðar

Í dag er sorp flokkað í sveitarfélaginu eins og allir þekkja en þann 1. desember 2011 tók sveitarfélagið í notkun tveggja tunnu kerfi sem gengið hefur nokkuð vel. Ástæður breytinganna eru fyrst og fremst laga- og reglugerðabreytingar frá árinu 2003 og í kjölfar breytinganna gerði Umhverfisstofnun landsáætlun fyrir tímabilið 2004-2016. Landsáætlunin byggir á meginmarkmiðum laganna um forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs þar sem urðun er síðasta úrræðið og nýta skal það sem nýtilegt er.

Við breytingarnar voru öllum gámavöllum lokað nema í Hvolsvelli og á Strönd. Þar mun vera vöktuð svæði sem taka á móti flokkuðu og óflokkuðu sorpi frá íbúum sveitarfélagsins og frístundahúsaeygendum.

Sjá má gjaldskrá fyrir fasteignaeigendur og fyrirtæki á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is).

## Hreinsunaráttak

Dagana 22. maí-12. júní verður árlegt hreinsunaráttak sveitarfélagsins og þá daga verða gámar á gömlu gámasvæðunum. Gámarnir verða gjaldfrjálsir fyrir alla fasteignaeigendur í sveitarfélaginu en athugið að flokka þarf í þá líkt og á gámavöllum. Heimilissorp verður áfram þjónustað við heimilin og rúlluplast sótt til bænda eins og verið hefur. Rúlluplast er eign bænda og geta þeir óskað eftir þjónustu við sorphirðufyrirtæki um að sækja það heim á bæ eða ekið því á næsta gámavöll. Hreinsunaráttakið verður auglýst betur þegar nær dregur. Þá er verið að skoða lausnir varðandi losun á lífrænum úrgangi í dreifbýli.

## Stækkun á heimilistunnu

Nokkrir möguleikar eru fyrir hendi er varða lausnir fyrir heimili, bændur og fyrirtæki sem þurfa að losa meira sorp en venjuleg grátunna tekur við. Fyrir stór heimili og fjölbýli er möguleiki að fá fleiri grátunnur eða jafnvel minni kör og það sama á við um lögbylí og fyrirtæki. Einhver kostnaður fylgir þessum breytingum, t.d. ílátagjald eða þjónustugjald/hreinsunargjald en það fer eftir þeirri þjónustu sem óskað er eftir. Gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu er að finna inn á vef sveitarfélagsins [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is).

Gámapjónustan býður uppá lausnir sem íbúar eru hvattir til að kynna sér ef þeir telja þörf á stærri einingum á vefsíðu Gámapjónustunnar [www.gamar.is](http://www.gamar.is) eða hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins 488-4200.

## Vorið er komið og grundirnar gróa!

Tökum til og höfum snyrtilegt í kringum okkur,  
okkur sjálfum og gestum okkar  
til ánægju og yndisauka



### Rangárþing eystra Hlíðarvegur 16 860 Hvolsvöllur

Sími: 488-4200 - Fax: 488-4209

Vefur: [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is)

Umsjón: Þuríður Halldóra Aradóttir  
Ábyrgð: Guðlaug Ósk Svansdóttir



## Námsskeið í moltugerð

Þátttakendur læra undirstöðuatriði safnhaugagerðar. Fjallað verður um hvaða efniviður má fara í hauginn og hvernig best er að meðhöndla hann, til að ná jöfnu og góðu niðurbroti. Moltan sem myndast er tilvalin til notkunar sem áburður í heimilisgarðinn og við ræktun matjurta.

**Tími:** Þriðjudagur 24. apríl kl. 19-21.50

**Staður:** Fræðslunetið Hvolsvelli, Vallarbraut 16.

**Verð:** frítt fyrir þá sem eiga lögheimili í Rangárþingi eystra, aðrir greiða 2.500

**Kennari:** Gunnþór Guðfinnsson, garðyrkjufraeðingur

**Fjöldi:** Lágmark 12  
Innritun fer fram hjá Fræðslunetinu í síma 480 8155 eða á vefnum [www.fraedslunet.is](http://www.fraedslunet.is)

*Námsskeiðið er haldið í samvinnu við Rangárþing eystra sem býður íbúum sínum á það en aðrir eru einnig velkomnir.*

